

Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
B.t. nefndarritara

Reykjavík, 31.10.19

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um mótum klasastefnu, mál 121/150

Mikilvægi klasastefnu

Því ber að fagna því að hugað sé að mótun klasastefnu fyrir Ísland. Klasastarfsemi er í mörgum tilvikum grundvöllur að öflugum samstarfsvettvangi ólíkra aðila sem ýtir undir aukna nýsköpun, tækniþróun og verðmætasköpun í samfélaginu. Þannig skapast umhverfi þar sem ólíkir aðilar geta deilt þekkingu og reynslu og eftir tilvikum unnið saman að atvinnusköpun og framþróun.

Slíkur vettvangur getur verið nauðsynlegur fyrir litla þjóð á borð við Ísland. Óháð atvinnugreinum er ljóst að hægt er að nýta betur ólíkar hugmyndir um það hvernig hámarka skuli arðsemi og afköst hvernar greinar og skapa þannig aukin verðmæti í samfélaginu, hvort sem þau verðmæti byggja á nýjum hugmyndum, aukinni samvinnu, betri nýtingu afurða eða öðrum þáttum sem af starfseminni kvikna.

Hið opinbera stígi varlega til jarðar við niðurgreiðslu

Undirritaður vill koma áleiðis mikilvægri ábendingu um þetta mál. Það má öllum vera ljóst að til þess að starfrækja öflugan klasa þarf viðunandi húsnæði fyrir slíka starfsemi. Í flestum tilvikum er um hefðbundið atvinnuhúsnæði að ræða.

Regus á Íslandi, sem undirritaður veitir forystu, starfrækir nú þegar svokallaða skrifstofukjarna undir merkjum Regus og Orange Project. Skrifstofukjarnarnir eru starfræktir víðs vegar á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri. Ólík fyrirtæki í sambærilegri atvinnugrein hafa á liðnum árum leigt aðstöðu í þeim skrifstofukjörnum og úr orðið góður samstarfsvettvangur.

Við mótun opinberrar stefnu er hætt við því að hið opinbera taki sér það hlutverk að niðurgreiða starfsemi klasa, ýmist með því að starfrækja þá í húsnæði í eigu hins opinbera eða með því að niðurgreiða leigu til einkaaðila. Hætta er á því að slíkir samningar verði gerðir án undangengins útboðs og þegar eru dæmi um slíka samningar hér á landi í tengslum við klasastarfsemi.

Samkeppni á frjálsum markaði

Megintilgangur klasastarfsemi er að byggja upp samstarfsvettvang fyrir tækja í tengdum atvinnugreinum. Það er því ekki hlutverk eða eðli klasastarfsemi að stunda umsýslu með húsnæði eða annan fasteignarekstur. Að sama skapi er starfsemi klasa í húsnæði sem er niðurgreitt af hinu opinbera, til þess fallin að skekkja, bæði til skemmri og lengri tíma, heilbrigða samkeppni í rekstri atvinnuhúsnæðis. Klasastarfsemi þarf með tíð og tíma að lúta lögmálum hins frjálsa markaðar líkt og aðrar atvinnugreinar.

Undirritaður vill brýna fyrir kjörnum fulltrúum Alþingis að það opinbera fjármagn sem síðar kann að nýtast til uppbyggingar klasastefnu (verði málið samþykkt í núverandi mynd) verði nýtt til að styrkja starfsemi klasa almennt, en ekki í að niðurgreiða húsnæði, hvort sem um er að ræða húsnæði á vegum hins opinbera eða í eigu einkaaðila.

Verði þess óskað, er undirritaður fús í samstarf um mótun klasastefnu fyrir Ísland auk þess sem hann er tilbúinn til frekari viðræðna við atvinnuveganefnd Alþingis um málið.

Með góðri kveðju,

A large, stylized handwritten signature in blue ink, written over the text of the letter. The signature is highly cursive and loops around the text below it.

Tómas Ragnar Hilmarz

Framkvæmdastjóri Orange Project ehf. og eigandi Regus á Íslandi.